

Fundargerð ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðra

Dagsetning: 21.mars 2022

Fundartími: Kl. 16:00-17:00

Staðsetning: Strandgata 6 Keilir

Fundarritun: Sóley Jónsdóttir

Mættir: Margrét Vala Marteinsdóttir, Egill Fjelsted, og Þórarinn Þórhallsson,

1) Farið yfir reglur um stuðnings og stoðþjónustu

3. gr.

Stuðningur

Stuðningsþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fötlunar, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan heimilis og utan.

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- a. *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, sem tekur mið af þörfum notanda.
- b. *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c. *Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku.

Félagslegur stuðningur er einnig veittur þegar um er að ræða alvarleg veikindi og aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima en markmiðið er að létta álagi af heimilinu.

- d. *Heimsending matar* er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tök á að borða í mótuneytum á vegum sveitarfélagsins.

Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram með skriflegu samþykki notanda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir.

Margir geta ekki nýtt sér stafrænar og tæknilegar lausnir. Ekki gott að færa einstaklingssamskipti yfir í stafrænar lausnar alfarið og meta þarf það eftir þörfum hvers og eins.

II. kafli

Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum:

- a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef um er að ræða stuðning við barnafjölskyldur vísast til reglna Hafnarfjarðar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- b. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hafnarfirði þegar sótt er um. Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Hafnarfjarðar getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjendur skrái lögheimili sitt í Hafnarfjörð þegar stuðningur hefst.
- c. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar, sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga að jafnaði ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum. Fatlað fólk, sem er yngra en 67 ára, og býr á hjúkrunarheimili eða stofnun, þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum þegar sérstakar ástæður eru til staðar.
- d. Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 7. gr. reglna þessara.

Hvenær eru sérstakar ástæður, spurning um að skilgreina það betur.

Ráðgjafaráð í málefnum fatlaðra veitir nýjum reglum jákvæða umsögn og fagnar endurskoðun. Teljum við brýnt að reglurnar séu á auðskildu máli á heimasíðu sveitarfélagsins. Ráðgjafaráð fagnar því að frumkvæðisskyldan sem er í 24.gr.sé kominn inn í reglurnar. Sjá verður til þess að fjölskyldu og barnamálsvið fái nægt fjármagn til að geta framfylgt reglum um stuðnings og stoðþjónustu. Ráðgjafaráð leggur til að reglurnar verði til á auðskyldu máli á heimasíðunni.